

Mánudaginn 18. febrúar 1952.

Kærumálið nr. 4/1952.

Ögn Guðmundsdóttir Randrup

gegn

Magnúsi Randrup.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Framlagning skjals.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. f. m., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 16. jan. s.l. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Emil Randrup. Með úrskurði þessum var heimiluð framlagning skjals af hendi lögmanns varnaraðilja, eftir að nefnt mál hafði verið tekið til munnlegs málflutnings. Þá var og kveðið á um frestun málsins í tvær vikur frá uppsögu úrskurðarins. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Skjal það, sem lögmaður varnaraðilja vildi leggja fram, var greinargerð hans í kærumáli, er þegar hefur verið dæmt í Hæstarétti, svo sem lýst er í úrskurði héraðsdómara. Engin rök virðast hafa legið til framlagningar skjals þessa, eins og á stóð, enda var lögmanninum í lófa lagið að flytja munnlega fram á dómþingi það af efni skjalsins, sem máli kunni að skipta. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, bæði að því er varðar framlagningu skjals þessa og frestun bæjarþingsmálsins.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, bæði að því er varðar framlagningu skjals þess, er að framan greinir, og frestun bæjarþingsmálsins.

Varnaraðili, Magnús Randrup, greiði sóknaraðilja, Ögn Guðmundsdóttur Randrup, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 16. janúar 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 16. janúar, kl. 14, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar, er haldið var í skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa bæjarfógeta, Birni Ingvarssyni, upp kveðinn úrskurður í framangreindu máli, er tekið var til úrskurðar 10. þ. m.

Á bæjarþingi Hafnarfjarðar 10. þ. m., er munnlegur málflutningur skyldi fara fram í máli þessu, lagði lögmaður stefnanda fram greinargerð sína í kærumálinu nr. 5/1951.

Lögmaður meðstefndu frú Agnar Randrup krafðist þess, að lögmanni stefnanda yrði synjað um framlagningu greinargerðarinnar sem dómskjals, þar sem lýst hefði verið að gagnasöfnun væri lokið, en ef ekki yrði fallið á kröfu hans, krafðist hann að fá viku frest í málinu, m. a. til athugunar á því, hvort hann legði fram sína greinargerð í framangreindu kærumáli.

Lögmaður meðstefndu benti á, að kærumálið hefði verið flutt skriflega, og ef ætti að taka við framangreindri greinargerð sem dómskjali, væri málið bæði flutt munnlega og skriflega, en slíkt væri lögleysa.

Lögmaður meðstefnda Emils Randrup mótmælti ekki, að framangreind greinargerð væri lögð fram sem dómskjál, en krafðist þess þá að fá 3 vikna frest, þar sem hann hefði ekki fengið greinargerð stefnanda í kærumálinu fyrr en nú og ekki tekið þátt í kærumálinu til Hæstaréttar.

Lögmaður stefnanda kvað framlagningu greinargerðarinnar sem dómskjals vera orðinn hlut, þar sem dómariinn hefði mótttekið það og áritað sem slíkt, og þyrfti því ekki úrskurðar um það atriði. Hann mótmælti, að nokkur frestur yrði veittur lögmanni stefndu í máli þessu og kvað lögmann meðstefndu hafa haft framlagða greinargerð síðan í apríl s.l., en hins vegar kvað hann svo á, að sér virtist hafa láðst að senda lögmanni meðstefnda margnefnda greinargerð og talið, að hrl. Magnús Thorlacius væri þá orðinn umboðsmaður beggja hinna stefndu.

Ágreiningsatriðin voru nú lögð í úrskurð dómarsins.

Málsatvik í þessu máli eru í meginatriðum þau, er hér greinir.

Með stefnu 1. okt. 1950 höfðaði stefnandi, Magnús Randrup málari, Vita-stíg 7, Hafnarfirði, mál þetta á hendur foreldrum sínum, Emil Randrup málarameistara, Öldugötu 3 A, Hafnarfirði, og konu hans, Ögn Guðmundsdóttur Randrup.

Réttarkröfur stefnanda eru: a) að viðurkenndur verði með dómi bæjarþingsins eignarréttur hans á hálfri húseigninni Öldugötu 3A hér í bæ, b) að hin stefndu verði dæmd til þess að fá sér í hendur vörzlu umræddrar húseignar sinnar og c) að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér að skaðlausu allan málskostnað.

Stefndu hafa bæði krafizt sýknu og að stefnandi greiði þeim málskostnað. Í fyrstu hafði stefnandi höfðað fógætaréttarmál á hendur meðstefndu, en síðar var það mál hafið.

Ár 1945 hóf meðstefndi Emil Randrup að reisa húsið Öldugötu 3A hér í bæ. Við smíði hússins vann stefnandi, er þá jafnframt var málarasveinn hjá föður sínum. Deila hefur síðan risið um, hvort stefnandi hafi verið eigandi að helmingi hússins frá upphafi eða eigi eða átt að verða það, að uppfylltum vissum skilyrðum. Er þetta allt nákvæmlega rakið í úrskurði dómsins frá 20. febrúar s.l., er kærður var til Hæstaréttar, kærumál nr. 5/1951, og leyfi ég mér að vísa til hans, sem er dómskjal 13, en hér er 3. úrskurðurinn í þessu máli.

Svo sem frá hefur verið greint áður, hefur lögmaður meðstefndu frú Agnar Randrup krafizt þess, að margnefnd greinargerð í kærumálinu nr. 5/1951 yrði ekki tekin sem dómskjal í máli þessu, og fært fyrir því rök þau, er lýst hefur verið.

Á skoðun lögmanns meðstefndu getur dómari ekki fallizt, þar sem það verður að teljast meginatriði, að lögmenn málsaðilja afli þeirra málskjala, er horfi til skýringar á máli hverju, og að hér er um skjal að ræða, er lögmanni meðstefndu var fyrir löngu kunnugt um, enda má það nú orðið telja fasta reglu, að lögmenn málsaðilja leggi fram ný skjöl, er til munnlegs málflutnings kemur, hafi þeir áður skipzt á skjölunum, svo sem var í þessu tilfelli.

Á það, að málflutningur í máli þessu verði bæði skriflegur og munnlegur við framlagningu framangreindrar greinargerðar, en í máli því, er hún var lögð fram í, kærumálinu nr. 5/1951, fór fram skriflegur málflutningur, verður ekki fallizt. Oftlega kemur það fyrir sem nú, að lögð hafa verið fram í munnlega fluttum málum skjöl úr málum, er á sínum tíma voru flutt skriflega, en skjöl þessi eru alveg sjálfstæð í hinu munnlega flutta máli, og verður því ekki á neinn hátt lögleysa úr því, er brjótí í bága við 105., 106. og 109. grein laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Hinu umdeilda skjali, greinargerð Gústafs A. Sveinssonar hrl. í kærumálinu nr. 5/1951, er því veitt móttaka sem dómskjali.

Lögmaður meðstefndu svo og lögmaður meðstefnda, Bergur Jónsson hdl., krafðist að fá frest í 3 vikur, þar sem hann hefði ekki fengið dómskjal 15 fyrr til athugunar.

Þar sem svo hefur verið, enda ómótmælt af lögmanni stefnanda, verður að teljast eðlilegt, að lögmaður meðstefnda Emils Randrup fái frest í máli þessu, og þykir fresturinn hæfilegur 2 vikur frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Því úrskurðast:

Greinargerð hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar í kærumálinu nr. 5/1951 skal veitt viðtaka sem dómskjali 15 í máli þessu.

Lögmaður meðstefnda, hdl. Bergur Jónsson, skal fá 2 vikna frest til málsathugunar frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Mánudaginn 18. febrúar 1952.

Nr. 109/1950. **Guðmundur Benjamínsson f. h. Guðmundar Bærings Guðmundssonar** (Ragnar Ólafsson)
gegn

Guðbrandi Magnússyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað með áfrýjunarstefnu 31. ágúst 1950.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að Guðmundur Bæring Guðmundsson sé enn lögráða, og málflutningsmenn aðilja hér fyrir dómi hafa lýst því, að hann hafi aldrei verið sviptur fjárræði. Hins vegar hefur fyrrverandi sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skipað Guðmund Benjamínsson fjárhaldsmann Guðmundar Bærings hinn 25. september 1947, og hefur Guðmundur Benjamínsson höfðað mál þetta og rekið fyrir dómstólum sem skipaður lögráðamaður Guðmundar Bærings, svo sem væri hann ófjárráða.

Stefndi, Guðbrandur Magnússon, hefur í málflutningi sínum í héraði staðið í þeirri trú, að Guðmundur Bæring hafi verið sviptur fjárræði árið 1947, svo sem sjá má af varnarskjali hans, dags. 22. maí 1950.

Í vottorði Árna Árnasonar héraðslæknis, dags. 24. júní 1949, segir, að Guðmund Bæring skorti andlega hæfileika, almenna greind, og geti hann ekki unnið þau störf, þar sem út-